

Hafnarfirði 19.apríl 2021

Til skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar.

Með vísan til afgreiðslu Skipulags og Byggingarráðs vegna ákvörðun um rýmingu húsnæðisins að Suðurhelli 10 í lok maí.

Í lok maí rennur 60 daga frestur til þess að rýma húsnæðið á Suðurhelli 10 út.

Staðan er þannig í dag að enn er búið í 10 vinnustofum af 20, alls 18 manns sem hafa ekki fundið sér annað húsnæði í Hafnarfirði en þar vilja þau búa.

Síðastliðin þriðjudag 15. mars var haldin húsfundur vegna Suðurhelli 10 og neitar Smári Hólm að skrifa undir deiluskipulag og gefur enga skýringu á því. Með því móti mun hann gera 20 manns heimilislaus þar sem að auki er búið í endabilinu.

Það er einlæg ósk íbúana að þeir fái að búa þarna áfram. Þeim liður vel þarna og telja sig fullkomlega örugg þar sem að eldvarnarkerfi er til staðar ásamt eldvarnarbúnaði og flóttaleiðum.

Því fyrir hönd leigjanda efri hæðar Suðurhelli 10 óska ég hér með eftir að þið fellið úr gildi fyrri úrskurð að rýma húsnæðið í lok maí, og leyfið þeim að búa þarna á meðan unnið er úr þessum málum.

Eigendur 7 bila af 8 er mikið í mun að þetta verði samþykkt og er unnið streitulaust að því með öllum mögulegum ráðum að fá þetta í gegn. Þetta ferli hefur verið í gangi í mörg ár og sé ég á vef Hafnarfjarðarbæjar að fyrsta umsóknin um efri hæð að Suðurhelli 10 er frá desember 2015.

Kærar kveðjur

Þórdís Guðnadóttir